

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	12.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinnur Karlsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá Stekkjarvík	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús B. Jónsson	Staðsetning	441620,709 580284,876

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir skráningar og skiladag skv. starfsleyfi.

Magn urðaðs úrgangs jókst um 1,4% á milli áranna 2016 og 2017. Árið 2017 voru urðuð 20.523 tonn en starfsleyfi urðunar staðarins nemur 21.000 tonnum. Á fyrsta fjórðungi þessa árs var aukning á urðuðum úrgangi miðað við sama tímabil fyrra ára, ef fram sem horfir mun urðun á staðnum fara fram úr leyfilegu magni í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur sent erindi til Umhverfisstofnunar er varðar hvaða lausnir eru mögulegar í þessu máli, erindið bíður þar afgreiðslu.

Litlar breytingar hafa orðið á starfsemi urðunarstaðarins en nýr og öflugri troðari hefur tekinn í gagnið á urðunarstaðnum.

Frá því í síðasta eftirlit hefur orðið eitt mengunarslys er kvikanði í gorholu þann 19. apríl sl. og ekki náðist að ráða niðurlögum eldsins fyrir en þremur dögum síðar. Gripið var til þess að að moka úr mön sem umlykur staðin en í henni er mjög leirkennt efni sem nýtist vel til að koma í veg fyrir að súrefni komist að eldinum. Hingað til hefur verið á staðnum einn 20.000 L vatnstankur en væntanlegir eru tveir 30.000 L tankar til viðbótar. Tankurinn sem var fyrir dugði mjög skammt í slökkvistarfi og vonast er til að nýja viðbótin bæti úr því. Jafnframt væri hægt að notast við vatnið úr tönkunum í fyrirbyggjandi starfsemi, þá væri haugurinn bleyttur þegar þurrt hefur verið og vindasamt. Gorholan hefur til þessa verið afmörkuð á eina hliðina með þykkum stafla af gærum. Eftir að eldur kviknaði í holunni í haust og í apríl hefur rekstraraðili sett leir utan á þann stafla til að hindra aðgangs súrefnis inn í hauginn. Minnt var á að rekstraraðila ber að tilkynna Umhverfisstofnun um mengunaróhöpp.

Áherslur í umhverfismarkmiðum voru kynntar og rætt var um hvað eftirlitsaðili gæti skoðað betur í starfsemi sinni hvað varðar umhverfismarkmið.

Í september nk. munu Eldstoðir ehf. halda námskeið fyrir starfsmenn á svæðinu um eldvarnir og slökkvistarfi. Ásamt því að fræða starfsmenn um meðhöndlun spilliefna og hættumerkingar.

Töluvert er af vargfugli á svæðinu. Árið 2017 réð eftirlitsaðili meindýraeyði til að sjá um eyðingu vargs á svæðinu. Nákvæmar tölur eru til um þá fugla sem eru skotnir.

Við móttöku úrgangs tilkynnir flutningsaðili hvað er í farminum og starfsmaður sem vigtar bílinn inn á svæðið, starfsmaður sér ekki farminn nema það sem stendur upp úr gámnum og leggur mat á það. Ef farmurinn samanstendur af heimilisúrgangi fer viðkomandi bíll niður á tipp þar sem starfsmaður tekur við honum og leiðbeinir honum hvar sturta má farminum. Starfsmaður þar dreifir úr farminum og leggur sjónrænt mat á hvort aðrir flokkar en heimilisúrgangur leynast í farminum. Ef aðrir flokkar eru í farminum en áætlað starfsmaður magnið og óviðeigandi úrgangur s.s. spilliefni eru týnd frá. Engum úrgangi var hafnað til urðunar á síðasta ári og erfitt hefur reynst að koma slíkum farmi aftur á viðeigandi flutnings aðila. Engin gjaldskrá er til fyrir úrgang sem hafnað hefur verið til urðunar, á eftirlitsfundi kom upp umræða um að æskilegt væri að slíkt gjald væri til í gjaldskrá.

Söfnun hauggass er ekki hafin á svæðinu og lagði eftirlistaðili fram nýja úrbótaáætlun í eftirliti. Úrbótaáætlun verður samþykkt með sérstöku bréfi frá Umhverfisstofnun. Búið er að bora sex holur í hauginn og nú er beðið eftir að smíði á kyndilinum ásamt undirstöðum og yfirbyggingu ljúki. Áætlað er að kyndillinn berist til landsins í ágúst. Hugmyndir eru upp um að brenna einnig sigvatninu þegar fram líða stundir en allt veltur það á hversu mikið gas er hægt að nýta úr haugnum. Ásamt þessum hugmyndum hefur komið til tals að framleiða rafmagn fyrir urðunarstaðinn með brennslunni á hauggasinu.

Grænt bókhald fyrir 2017 barst Umhverfisstofnun fyrir 1. maí sl. en útstreymisbókhald barst stofnuninni ekki fyrr en 11. júní sl. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru fyrir 1. maí sl. voru afhentar í eftirliti.

Farið var um svæðið. Girðingum er vel við haldið og girt er allan hringinn í kringum urðunarstaðinn. Mikið af girðingunum er með frekar litlum möskvum sem grípa t.a.m. plast mjög vel. Rekstraraðili leggur mikla vinnu í að halda girðingum og nærsvæði hreinu. Rekstraraðili notar að hluta til timburkurl í yfirlag, kurlað sem honum hefur borist frá því seinasta haust hefur innihaldið töluvert af plasti. Við geymslu á kurlinu hefur plastið fokið úr því og borist víða um svæðið. Mikil vinna hefur verið lögð í að hreinsa það upp.

Farið var niður í Stekkjarvík og fráveitubrunnur frá hreinsivirki skoðaður en í honum var engin sýnileg fita. Töluverður litur var á vatninu og froða var í brunninum. Í síðasta eftirlit var ekkert vatni í sýnatökubrunni fyrir grunnvatn sem er niður í Stekkjarvík og því færði rekstraraðili brunnin til í landinu og lækkaði hann um það bil tvo metra. Enn er ekkert vatn í brunninum. Umhverfisstofnun bendir rekstraraðila á að ráðfæra sig við verkfræðistofu við ákvörðun á staðsetningu á brunninum.

ATHUGASEMDIR

Niðurstöður mælingar á sigvatni voru fyrir hausti 2017 voru skoðaðar í eftirlit og benti eftirlitsaðili á að gildi fyrir málma eru frekar há í mælingunum. Rætt um að mögulega myndu þessir málmar setjast að í setubeði sem sigvatnið er leitt í gengum eftir að það ver í gegnum sand- og olíuskilju. Engar mælingar eru gerðar á sigvatninu eftir að það er leitt í gegnum setubeðið. Umhverfisstofnun telur æskilegt að slíkar mælingar séu gerðar. Staðsetning fyrir mögulegan sýnatökubrunn voru skoðaðar þegar farið var um svæðið. Umhverfisstofnun bendir rekstraraðila á að ráðfæra sig við verkfræðistofu við ákvörðun á staðsetningu á brunninum.

ANNAÐ

Bent var á að æskilegt væri að rigningavatn komist ekki að spilliefnum s.s. rafgeymunum en eitthvað af þeim úrgangi berst inn á svæðið. Nú stendur fyrir dyrum innleiðing á breytingarreglugerð við reglugerð nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækja úrgang. Í breytingunni er gerð krafa um að raf- og rafeindatæki séu geymd þannig að bæði undirlag sé vatnshelt og með lekasöfnun en líka að tækin hafi einhvers konar ábreiðslu eða séu geymd innandyra. Þó að ekki sé leyfi fyrir móttöku spilliefna og raf- og rafeindatækja á svæðinu þá hefur komið fyrir að slíkt berist inn á svæðið en þeim úrgangi er safnað upp á staðnum og flutt í viðeigandi móttöku þegar nógu mikið magn hefur safnast til að fylla bíl. Rætt var um að æskilegt væri að losa sig við þennan úrgang sem fyrst.

Minnt er á að taka á sýni úr sjávarseti í ár.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.08.2018

Steinunn Karlsdóttir
Steinunn Karlsdóttir